

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM ÞJÓNUSTUSTOFNUN Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Vegna framkomins frumvarps til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála vill **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** (FA) koma á framfæri áhyggjum af því að framhaldsfræðslunni virðist ekki ætlaður staður innan nýrrar þjónustustofnunar:

- Í framkomnum drögum er framhaldsfræðsla hvergi nefnd en á vef Menntamálastofnunar hefur skilmerkilega verið gerð grein fyrir hlutverki hennar og því sem undir hana heyrir.
- FA hefur átt í góðu samstarfi við MMS um vottun námskráa í framhaldsfræðslu og hafa þær verið birtar í námskrárgrunni. Mikilvægt er að fyrir liggi hvernig þessu verði háttað framvegis.
- MMS hefur [viðurkennt fræðsluaðila í framhaldsfræðslu](#) sbr. lög um framhaldsfræðslu. Ein forsenda þess er EQM/EQM+ gæðavottun sem FA gefur út. Mikilvægt er að fyrir liggi hvernig þessu verði háttað framvegis.
- FA hefur unnið að uppbyggingu vefgáttarinnar [Næsta Skref](#). Þar er að finna víðtækar upplýsingar um nám á framhalds- og háskólastigi með tengingum við lýsingar á störfum, ráðgjöf og raunfærnimat. Á árinu 2022 fékk vefurinn yfir 83.000 heimsóknir og um 280.000 síðuflettingar, er vel þekktur í tengslum við ráðgjöf um nám og störf hvort tveggja í skólum og atvinnulífi og fyrsti vefur sinnar tegundar á Íslandi sem náð hefur fótfestu. Fyrir liggja metnaðarfullar hugmyndir um áframhaldandi þróun en áður þarf að finna vefnum framtíðar rekstrarform. FA getur ekki staðið eitt að því verki.
- Íslenski hæfniramminn um menntun nær yfir öll skólastig. Á vef MMS segir: „Öll viðurkennd námslok á grunn-, framhalds- og háskólastigi hafa verið sett á þrep auk námskráa í framhaldsfræðslu sem fengið hafa vottun Menntamálastofnunar.“ Einnig eru dæmi um að störf séu sett á þrep í kjölfar hæfnigreininga. Mikilvægt er að allt nám, óháð skólastigi, byggji á rammanum og áfram verði unnið að samræmingu starfs- og bóknáms sbr. vef MMS: „Sambærilegt nám í t.d. framhaldsfræðslu (t.d. nám á vinnustað) og í skóla er því sett á sama þrep. Nemendur eiga því auðvelt með að sjá hvar þeir eru staddir og hverju þeir þurfa að ljúka til þess að komast á næsta þrep.“

Reykjavík 10. mars 2023

f.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins



Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkv. stjóri